

Nd.

79. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðist þannig:

Ekki mega hjón né menn skyldir að niðjatali sitja samtímis í hreppsnefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðherra, og hafa einstakir nefnd-armenn óbundnar hendtir um breytingar og viðauka á því.

Í 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga um sveitarstjórnarkosningar er bannað, að hjón og menn skyldir að niðjatali sitji samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn. Samkv. 1. gr. laganna skulu bæjarstjórnir utan Reykjavíkur skipaðar 7—15 bæjarfulltrúum, en í Reykjavík 15—21 bæjarfulltrúa. Þar sem bæjarstjórnir eru skipaðar svo mörgum fulltrúum, virðist engin réttmælt ástæða til þess að banna með lögum, að hjón eða menn skyldir eins og að framan greinir megi sitja samtímis í bæjarstjórn, og er jafnvel álitamál, hvort ekki sé rétt að afnema hér um ræddar takmarkanir, einnig að því er tekur til hreppsnefnda, þannig að fullt samræmi verði milli laga um sveitarstjórnarkosningar og laga um kosningar til Alþingis.